

Föstudaginn 10. janúar 1958.

Nr. 84/1957. **Ákærvaldið** (Ólafur Þorgrímsson hrl.)
 gegn
Gylfa Þór Eiðssyni
 og
Karli Eron Sigurðssyni
 (Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann. Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar sem talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Gylfi Þór Eiðsson og Karl Eron Sigurðsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Ólafs Þorgrímssonar og Vilhjálms Jónssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. marz 1957.

Ár 1957, föstudaginn 8. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu kr. 841—842/1957: Ákærvaldið gegn Gylfa Þór Eiðssyni og Karli Eron Sigurðssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, útgefnu 4. þ. m., eru þeir Gylfi Þór Eiðsson, Hverfisgötu 80, og Karl Eron Sigurðsson, Fjölnisvegi 18, ákærðir fyrir, að þeir hafi aðfaranótt þriðjudagsins 18. des. s.l. brotízt inn í verzlun Carls Bartels á Hverfisgötu 12 og stolið

þar 14 úrum og 2 armböndum. Teljast þeir með þessu hafa gerzt sekir um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (þjófnað).

Þess er krafizt, að ákærðir báðir verði dæmdir til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Gylfi Þór Eiðsson, sem fæddur er á Raufarhöfn 10. september 1939, hefur áður sætt þessum kærnum og refsingum: 1950 21/3 Reykjavík. Uppvís að reiðhjólþjófnaði. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1951 19/11 Reykjavík. Uppvís að þjófnaði á spegli af R 4. Sent til barnaverndarnefndar Reykjavíkur 23/11 1951.

1952 17/1 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað á reiðhjólalugt. Sent barnaverndarnefnd.

— 20/11 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað og spell. Samskonar afgreiðsla.

1953 15/9 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað á báti. Samskonar afgreiðsla.

— 3/11 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað úr búðum. Samskonar afgreiðsla.

— 14/12 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað á peningaveski. Samskonar afgreiðsla.

— 8/12 Reykjavík. Kærður fyrir peningabjófnað. Samskonar afgreiðsla.

1954 23/11 Reykjavík. Áminning fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga og 2. gr. umferðarlaga.

1955 16/4 Reykjavík. Kærður fyrir rúðubrot. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

— 8/7 Reykjavík. Áminning fyrir umferðarlagabrot.

1956 Vorið Reykjavík. Uppvís að 5 bílastuldum. Ákæru frestað skilorðsbundið í 3 ár, 18/9 1956.

— 14/9 Reykjavík. Áminning fyrir ölvun.

— 11/12 Reykjavík. Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum og áfengislögum. Sviptur rétti til ökuleyfis í 6 mánuði.

Ákærði Karl Eron Sigurðsson, sem fæddur er í Reykjavík 3. des. 1940, hefur áður sætt þessum kærnum og refsingum:

1955 21/2 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1956 9/11 Reykjavík. Dómur sakadóms Reykjavíkur, 10 mán-

aða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi, fyrir brot gegn 155., 244. og 259. gr. hegningarlaga, áfengislögum og bifreiðalögum.

— 6/10 Reykjavík. Áminning fyrir akstur bifreiðar án ökuleyfis

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt 18. des. f. á. voru ákærðu saman á ferli ölvaðir hér í bænum, og með þeim Gunnar Kristinsson, Reykjahlíð 12, 17 ára að aldri. Það kom til tals milli ákærðu að fara inn í verzlun Carls Bartels til að stela. Verður ekki séð, hvor ákærðu hafi fremur átt upptök að þessu. Aftur á móti latti Gunnar fararinnar og skildi við ákærðu, er þeir héldu fast við áform sitt. Ákærðu fóru að verzluninni, og fór Karl Eron inn um ólokaðan glugga yfir dyrum verzlunarinnar og opnaði dyrnar svo fyrir Gylfa Þór. Þarna inni tóku þeir 14 úr og 2 úr-armbönd. Verðmæti þeirra telur Bartels ca. 15.000—20.000 kr. Ákærðu hittu síðan Gunnar og létu hann hafa 3 úr og annað armbandið, og tók hann við þessu. Gylfi Þór fékk í sinn hlut 6 úr og Karl Eron 5 úr og eitt armband. Ákærðu voru handteknir næsta dag og afhentu þeir þá feng sinn og Gunnar sömuleiðis. Komst þannig allt þýfið til skila óskemmt, og gerir Carl Bartels engar bótakröfur.

Ákærðu voru báðir úrskurðaðir til að sæta rannsókn á andlegum og líkamlegum þroska og heilbrigði. Rannsókn þessa framkvæmdi dr. Helgi Tómasson yfirlæknir, og hefur hann skilað ýtarlegum skýrslum um rannsóknina. Niðurstöður rannsókna eru þessar:

„Álit mitt á Gylfa Þór Eiðssyni er þetta: Hann er illa gefinn, þó ekki fáviti, en hvorki geðveill eða geðveikur.

Hann hefur haft heilabólgu, og heilaritið gæti stutt það, en gæti þó einnig bent til almenns vanþroska í heila.

Það er um að ræða 17 ára ungling, sjómann, með mäske nokkuð vafasamt eðlisupplag, en sem fær heilabólgu 8 ára, sýnilega mjög svæsna, en sem þó lagast, að talið hefur verið. Skap hans er óbreytt þegar á eftir, en lítið verður úr námi. Hann er uppallinn í foreldrahúsum við góð efni, en nokkuð skrykkjótt foreldraálúð. Hann var snemma ekki í góðum félagsskap, hvað heiðarleik snerti. Samt fer fyrst aðallega að bera á afbrotum hjá honum eftir að hann hætti í skóla (þá 12 ára). Handtaka hans

og einangrun og flutningur heiman að, er hann er 14 ára, virðist hafa orðið „komplex“-uppistaða hjá honum, sem hann þó hefur bælt. Hegðunarvandkvæði fara svo smáfaxandi og tengsl hans við heimilið verða óeínlægari. Hann virðist engan eiga að, sem hann vill halla sér upp að, sem sé siðferðilega sterkari en hann. Hann er illa gefinn, málke afleiðing af heilabólgunni, en hvorki geðveill né geðveikur.

Mér virðast allar líkur benda til þess, að refsing á venjulega vísu muni verka illa á hann heldur en hitt.“

„Álit mitt á Karli Eron Sigurðssyni er þetta: Hann er hvorki fáviti né geðveikur, en geðveill (psychopath).

Hann hefur einkenni um króniska bólgu í taugakerfi. Hann hefur hjartasjúkdóm, sem þó ekki er unnt að segja, hvort nokkra teljandi þýðingu hafi.

Það er um að ræða 16 ára ungling af mjög brengluðu bergi brotinn. Í eymdarástandi var hann tekinn sem kjörbarn af hjónum í Reykjavík. Hann var seinþroska, andlega og líkamlega, en virðist hafa rétt við fyrir mikla umhyggju og læknislega umönnun á fyrstu 4—5 árum.

Hann er „upp á kant“ við alla jafnaldra og eldri félaga frá byrjun, en kom sér vel við yngri börn, og verður viðskila við skólann. Fer í sveit, kann illa við sig, en er samt ráðstafað þangað, er hann á 10 ári fer að gerast stórlega brotlegur við lög og reglur. Í sveitinni er yfirleitt ekki kvartað undan honum, en strax og hann er kominn í bæinn var hann þegar kominn á galeiðuna. Hegðunarvandkvæði hans hafa farið sífaxandi og engar fortölur virzt mega sín neins. Vitað er, að hann hefur verið seinþroska framan af, haft mikla beinkröm, tekið seint tennur, gengið seint, talað seint og tæpitungu til 4—5 ára, ekki getað haldið sér hreinum fyrr en mjög seint og gengið í svefni. Sennilegt virðist, að þessi seinþroska einkenni hafi gert, að hann hafi orðið hornreka hjá jafnöldrum og eldri börnum, svo að fyrsta aðlögunin utan heimilisins hafi mistekizt og haldið síðan áfram í vaxandi mæli, málke hvað ekki minnst, þegar heimilisræturnar ekki hafa náð að vera mjög sterkar vegna vistunar á dagheimili og þær svo slitnar við að fara í sveit. Ofan á þennan seina þroska bætist svo við kíghósti á þriðja ári, „sem að þekkt er, að oft veldur vandkvæðum hjá börnum“, mislingar nokkru seinna, rauðir hundar, hlaupabóla, eyrnabólga, miklar tannskemmdir og blóðnasa-tilhneyging, allt saman fyrir 9 ára aldur.

Hin félagslega aðlögun hjá honum er ófullnægjandi þegar er

hann kemur í skóla og byrjar hann þar sennilega of fljótt? og siðferðisþroskinn virðist þá þegar mjög misjafn hjá honum og æ síðan.

Líkamleg rannsókn sýnir, að hann hefur hjartakvilla, sem ekki verður sagt um, hve gamall sé, en sem verið gæti þáttur í erfiðleikum hans. En meginatriðið virðist þó, að heilarit sýnir, að hann hefur haft heilasjúkdóm, sem virðist hafa verið bólgueðlis (mænuvökvi sýnir það sama), og þá sennilega fengið heilabólgu ofan á upphaflega vannært og síðan seinþroska taugakerfi sitt.

Hér er með öðrum orðum um ungling að ræða með félagslegum og siðferðilegum ágöllum og ótvíræðum einkennum um óeðlilegar breytingar í heila og mäske blóðrásarkerfi. Undir venjulegum kringumstæðum mundi maður telja hvorutveggja, andlegu og líkamlegu einkennin stöðnuð og því sennilegt, að andlegu ágallarnir mundu fara vaxandi, eftir því sem félagslegar kröfur yrðu meiri til einstaklingsins. Samkvæmt ríkjandi skoðunum tel ég sennilegt, að líkamlegu breytingarnar séu undirstaða hinna. En á núverandi þekkingarstigi er ekki hægt að benda á öruggar (sennilegar eða mäske hugsanlegar) leiðir til þess að reyna að hafa áhrif á þessar breytingar í taugakerfi píltsins. Á hinn bóginn get ég ekki ímyndað mér, hvernig refsing eigi að hafa bætandi áhrif á hann, svo að nokkru gagni megi koma.

Tilfellið er mjög merkilegt og þess virði, að með því sé fylgzt árum saman.“

Sannað er, að ákærðu hafa framið brot það, er þeir eru ákærðir fyrir og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga. Báðir þykja hafa rofið skilorð dóma þeirra, er þeir hafa áður þolað, sbr. saka-vottorðin hér að framan. Refsingu ákærðu ber samkvæmt 60. gr. hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að ákveða í einu lagi og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga. Þykir refsing Gylfa Þórs hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi, en Karls Erons 1 árs fangelsi. Meðan á meðferð máls þessa hefur staðið, hafa ákærðu verið í gæzluvarðhaldi, Gylfi Þór í 79 daga, en Karl Eron í 77 daga. Þykir rétt samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga að ákveða, að gæzluvarðhaldið komi refsingum ákærðu til frádráttar.

Ákærðu skulu sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Þá skulu ákærðu dæmdir til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði Gylfi Þór Eiðsson sæti fangelsi 6 mánuði og ákærði Karl Eron Sigurðsson fangelsi eitt ár. Til frádráttar refsingunum komi gæzluvarðhaldsvist ákærðu, Gylfa Þórs í 79 daga, en Karls Erons í 77 daga.

Ákærðu eru sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. janúar 1958.

Nr. 220/1957. Ákærvaldið

gegn

Y.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávisun máls frá héraðsdómi. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 14. júlí 1957 kom fyrir sakadóm Reykjavíkur stúlkan X, til heimilis í London. Hafði hún komið til landsins hinn 27. júní 1957 og bjó nú á gistihúsinu Garði í Reykjavík. Fyrir dóminum skýrði stúlkan svo frá, að um kl. 20.15 —20.30 kvöldið áður hefði hún verið á göngu hjá Tjörninni í Reykjavík. Hjá henni nam þá staðar bifreið undir stjórn einkennisklædds manns, sem var einn í bifreiðinni. Maður þessi bauð stúlkunni akstur, og þáði hún það. Kvað stúlkan síðar, að frumkvæði mannsins, hafi orðið samkomulag þeirra í milli um að fara í veitingahús til kaffidrykkju. Að því loknu fylgdist hún með manninum til herbergis í húsi nokkru, þar sem henni virtist hann eiga heima. Eigi gat stúlkan lýst því, hvert hús þetta var, og engin tilraun virðist hafa verið gerð til þess að láta hana benda á það. Er í herbergið kom, var sett að vindrykkju, og kveður stúlkan manninn hafa borið fyrir sig bæði bland-